

Áfangalýsing:

Áfram eru nemendur þjálfaðir í því að greina og meta mismunandi texta, mynd- og hlustunarefni og gera grein fyrir því munnlega og skriflega. Enn frekar er áhersla lögð á að nemendur færi rök fyrir máli sínu. Fjallað verður um mállýsku- og menningarmun þýskumælandi landa í samanburði við eigið land.

Í þemavinnu er fjallað í víðu samhengi um staðhætti, menningu og íbúa hinna þýskumælandi landa. Nemendur velja viðfangsefni sem gætu t.d. verið frægar persónur m.a. á sviði lista, vísinda, íþróttar og bókmennta. Einnig mætti fást við byggingarlist, landslag og áhugaverða staði. Markmiðið er að nemendur skapi í sameiningu sem fjölbreyttasta mynd af þýskumælandi löndum og öðlist með því innsýn í mismunandi þjóðfélög og menningarheima. Þannig aukist skilningur þeirra á ágæti margbreytileikans.

Námsefni og kennslugögn:

Engin kennslubók er í áfanganum en ýmis kennslugögn verða notuð

1. Kvikmynd: Jenseits der Stille
2. Ýmsar smásögur frá kennara
3. Spiegel online, Deutsche Welle og aðrir fjölmiðlar
4. Deutsch perfekt og ýmis önnur tímarit á þýsku
5. Ýmis ljósrit frá kennara til að æfa munnlega færni
6. Tónlist frá þýskumælandi löndum.
7. Þýsk- þýskar orðabækur, t.d. Bedeutungswörterbuch eða Schüler-Duden.
8. Málfræði, þýska fyrir þig.

Í þessum áfanga er ekkert lokapróf, heldur er hverjum hluta hans lokið með verkefni eða munnlegu prófi sem teljast til lokaeinkunnar.

Vinnueinkunn byggist fyrst og fremst á **mætingum og virkni í tímum** (munnlegri og skriflegri), einnig á skilum á verkefnum og almennri ástundum.

Námsmat:

10%	Stuttmynd skiladagur 6. mars (6. vika)
10%	Dagbókarskil (sjá nánar á moodle)
10%	Tímapróf úr kvikmyndinni Jenseits der Stille 19. mars (8. vika)
10%	Kynning á borginni sinni 8. apríl (10. vika)
10%	Kynning á tímaritsgrein 2. maí (13. vika)
10%	Þemaverkefni 12. maí (15. vika)
5%	Framburðarpróf í 16. viku
20%	Munnlegt parapróf í 16. viku (úr smásögum og samtalshæfni)
15%	Vinnueinkunn (virkni í tímum, mæting, skilaverkefni, ástundun)

Mæti nemandi ekki til verkefni eða prófs sem gildir til lokaeinkunnar tekur hann sjúkrapróf þegar hann kemur aftur í tíma en þarf jafnframt að skila inn læknisvottorði innan viku frá því að hann mætir aftur til skóla ef sjúkraprófið á að teljast til einkunnar. (Sbr. [Reglur um skólasókn á vef Menntaskólans](#)).

Námsáætlun:

1. – 6. vika: 1. febrúar – 9. mars	Hefja gerð stuttmyndar, vinna að handriti og texta á þýsku Talæfingar Byrja að horfa á kvikmyndina Jenseits der Stille Smásagan Alptraum lesin heima – fjallað um hana síðar
7. - 9. vika: 10. mars –6. apríl Fer ferð 14.-17. mars Páskafrí: 23. mars-2. apríl	Kvikmyndin Jenseits der Stille + verkefni Tímapróf (10%) úr kvikmyndinni 19. mars (8. vika) Smásagan Alptraum tekin til umfjöllunar Staðhættir, borgir, sambandslönd. Velja borg í Þýskalandi til að kynna sér – velja sérstaklega eitthvert þema sem tengist henni. Útbúa glærusýningu á þýsku fyrir kynningu Dæmi: bygging, landfræðilegt fyrirbæri, hverfi, íþróttalið, fyrirtæki, hátíð Skila Tagebuch I 22. mars Smásagan Ruf mal an heima
10. - 11. vika: 7. – 20. apríl	Kynning á þýskum borgum á þýsku (10%) 8. apríl (10. vika) Smásagan Ruf mal an - samræður Smásagan Die Nacht im Hotel heima Mállýskur Skila Tagebuch II 18. apríl
12. - 13. vika: 21. apríl – 4. maí	Aktuelle Themen. Hvað er í gangi í þýskumælandi löndum? Útvarpsefni af Deutsche Welle. Textar úr tímaritum, t.d. Deutsch perfekt og vefsíðum og verkefni þeim tengd. Heimaverkefni: Hlustun af vef. Tímaverkefni 10% Kynning á grein að eigin vali. Kynning fer fram á þýsku. Nemendur útbúa lítið athyglispróf fyrir samnemendur sem þarf að skila kennara fyrirfram og er lagt fyrir í kennslustund. Kynnig 2. maí (13.vika). Smásagan Die Nacht im Hotel – samræður Smásagan Nachts schlafen die Ratten doch heima
14. – 15. vika: 5.-18. maí	Þemaverkefni: Matur, tónlist, frægir einstaklingar í þýskumælandi löndum. Nemendakynningar. Smakkað/hlustað/kynnt. Valverkefni. Frjáls framsetning. 10% 12. maí Smásagan Nachts schlafen die Ratten doch – samræður Smásagan Katrin heima og síðan samræður um hana Skila Tagebuch III 7. maí
16. vika: 19. - 24. maí	Framburðarpróf 5% 21. maí Samtalspróf úr smásögum og efni áfangans 23. maí

Með von um ánægjulegt samstarf - Magga magga@ma.is